

Samningur um sálfræðiráðgjöf

Menntaskólinn á Tröllaskaga, kt. 690310-0820 og Reynir-ráðgjafastofa KMM ehf kt. 601198-2669 gera með sér eftirfarandi starfssamning:

1

Reynir-ráðgjafastofa KMM ehf tekur að sér að veita sálfræðiþjónustu við Menntaskólann á Tröllaskaga samkvæmt þessum samningi frá 29. ágúst 2018 til 15. júní 2019. Samningurinn rennur út 15. júní 2019 án frekari uppsagnar. Samningurinn er uppsegjanlegur á tímabilinu, með þriggja mánaða fyrirvara.

2

Markmið ráðgjafarinnar er að veita nemendum Menntaskólans á Tröllaskaga sálfræðiaðstoð og starfsfólki skólans stuðning við störf þess.

3

Unnið er skv. verkbeiðnum frá skólameistara eða starfsmönnum Menntaskólans í umboði hans. Menntaskólinn leggur til vinnuaðstöðu innan veggja skólans, enda fari vinna sálfræðings að mestu fram þar. Skólameistari eða fulltrúi hans forgangsraðar verkefnum sálfræðiþjónustu.

4

Nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga, sem óska þess að kaupa sálfræðiþjónustu af Reyni-ráðgjafastofu, geta fengið þá þjónustu í skólanum þegar sálfræðingur er þar á vegum skólans, eða á stofu Reynis-ráðgjafastofu á Akureyri, eftir samkomulagi. Nemendur eða forráðamenn þeirra greiða sjálfir fyrir þessa þjónustu.

5

Falli vinna niður vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, ber Reyni-ráðgjafastofu KMM ehf, að aðstoða skólann við að finna hæfan starfsmann til afleysinga.

6

Farið er með allar upplýsingar um persónulega hagi skjólstæðinga sem trúnaðarmál, í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7

Stíla ber reikninga á Menntaskólann á Tröllaskaga kt. 690310-0820 Ægisgötu 13, 625 Ólafsfjörður og skila sundurliðuðum tímaseðlum vegna unninna tíma/eininga.

8

Menntaskólinn á Tröllaskaga nýtur þar að auki á samningstímanum 8,0 % afsláttar frá föstum töxtum Reynis-ráðgjafastofu af námskeiðum, fyrirlestrum, vinnu við sérverkefni, stjórnendabjálfun og námsefni sem Reynir-ráðgjafastofa KMM ehf gefur út.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila. Rísi mál út af samningnum skal málið rekið fyrir Héraðsdómi í Norðurlandi eystra á Akureyri.

Akureyri 29. ágúst 2018

F.h. Menntaskólans á Tröllaskaga

F.h. Reynis-ráðgjafastofu KMM ehf



Lára Stefánsdóttir skólameistari



Kristján M. Magnússon sálfræðingur